

Fundur Öldungadeildar Lí 100419 haldinn í sal Lí að Hlíðarsmára 8.

Formaður, Kristófer Þorleifsson, setti fundinn og minntist í upphafi tveggja félaga er látist hafa frá síðasta fundi, þeirra Eiríks Bjarnasonar augnlæknis sem andaðist 2. mars, 91 árs að aldri og Nikulásar Sigfússonar hjartalæknis sem andaðist 31. mars, 90 ára að aldri. Risu fundarmenn úr sætum í minningu þeirra.

Þá minnti formaður á fyrirhugaða ferð félaganna á Balkanskaga sem kynnt hefur verið og bað áhugasama að bóka sig hið fyrsta. Sama gildi um væntanlega ferð í Árneshrepp á Ströndum Sem verður auglýst nánar á næstunni.

Þessu næst kynnti formaður fyrirlesara fundarins, Jón Björnsson sálfræðing og rithöfund, sem er víðförull maður og margfróður, en fyrirlestur hans fjallaði um þjóðflutningana miklu í Evrópu á tímabilinu 375 e.Kr. fram til 550 e.Kr. Þeir hófust þegar Húnar sem var vígðimur, vel ríðandi og grimmur hirðingjaþjóðflokkur, kominn austan frá Asíu norðan við Kína, þrengdi sér inn í austur- og mið- Evrópu. Þeir áttu sér ekki ritmál og verður því að geta í margar eyður um framgang þeirra og veldi. Þeir stofnuðu ekki eiginlegt ríki heldur fóru um með ránum. Kom þetta hreyfingu á marga aðra þjóðflokka. Meðal þeirra voru Gotar sem taldir hafa verið komnir frá Svíþjóð og voru langförulastir þeirra þjóðflokka sem lögðu undir sig stór landsvæði Evrópu á þessu tímabili. Austgotar tóku kristni og þýddu Biblíuna á gotnesku. Eitt eintak hefur varðveist, s. k. Silfurbók, sem Svíar rændu í lok 30 ára stríðsins og er varðveitt í Svíþjóð. Austgotum var útrýmt af Húnum en þeir sem undan komust flúðu til fjalla á Krímskaga og dóu þar út. Vestgotar komust með samningun suður yfir Dóná, varnarlínu Rómarríkisins sem þá var á fallanda fæti og tókst síðar að leggja undir sig Rómarborg. Keisari Rómverja heimilaði Gotum að setjast að í Frankaríki. Veldi Húna lýkur þegar Atli Húnakóngur tapar orrustu árið 455 e. Kr. skammt frá París. Vestgotar ná völdum á Spáni sem var hluti Rómarríkis og ríkja þar í um 200 ár. Þeim gekk illa að ráða við Spánverjana. Gyðingar voru þar fjölmennir og voru ofsóttir af Gotum. Mun það vera upphaf gyðingaofsókna. Rómarveldi líður undir lok árið 476.

Mörgu fleiru sagði fyrirlesari frá af þessu umrótatímabili í bráðskemmtilegri frásögn. Að síðustu benti hann á tvær skemmtilegar bækur eftir Jón Helgason; Kviður af Gotum og Húnum og Tvær kviður fornar, sem fjalla um þetta tímabil sögunnar.

Að lokum afhenti formaður Jóni viðurkenningarskjal og bókargjöf í þakklætisskyni og sleit síðan fundi og boðaði næsta fund sem jafnframt verður 25 ára afmælisfagnaður Öldungadeildarinnar.

Fundinn sátu 60 manns.

Jóhannes M. Gunnarsson

fundarritari